

Aðalfundur LÍ
20. október 2023

Ályktun
um mönnun lækna

Aðalfundur Læknafélags Íslands haldinn í Kópavogi 20. október 2023 skorar á ríkisstjórnina að hefja tafarlaust vinnu við að fjölga læknum, bæta vinnuaðstöðu og draga úr óhóflegu vinnuálagi.

Greinargerð

Fyrir liggur að víða um land eru engir læknar í föstu starfi og fyrirsjáanlegt að þeim svæðum muni fjölga á næstu árum. Fjöldi lækna vantar til starfa í dreifbýli og þéttbýli. Á sama tíma hafa rannsóknir sýnt að kulnun meðal lækna er sívaxandi.

Aðalfundur LÍ fagnar þeirri vinnu sem heilbrigðisráðherra setti nýlega af stað með skipun starfshóps um framtíð lækniþjónustu á Íslandi, en meira þarf til.

Í nágrannalöndum okkar starfa á fjórða hundrað íslenskra lækna sem lokið hafa sérnámi sínu en ekki séð hag sínum best borgið með því að snúa aftur til starfa á Íslandi. Meginástæða þess virðist vera sú að vinnuumhverfi lækna erlendis er meira aðlaðandi en það vinnuumhverfi sem hér er í boði.

Tryggja þarf með öllum ráðum að íslenskir læknar vilji starfa á Íslandi.